

Páll Ísólfsson

Vonandi verður fjölment í kirkjunní á kveðjuhljómleikum Páls-Ísólfssonar. Að heyra vel leikið á hljóðfæri, og ekki síst á orgel, græðir hugann og greiðir fyrir góðum hugsunum, og býr oss þannig undir að vinna betur að verki voru. En eg hygg, að Páll Ísólfsson sé í tölu þeirra manna, sem best kunna að fara með það undraverða hljóðfæri sem orgelið er, og einn af mestu snillingum, sem nú eru uppi á Íslandi. Eru slíkir menn oss nauðsynlegir til þess að efla traust á þjóðinni, og koma í veg fyrir að vér séum eins smáir og vér erum fáir. En fátt er þjóðunum skaðlegra en sljóleiki gagnvart snillingunum. Væri það skaði mikil, að missa Pál af landi burt fyrir fult og alt, en ekki ólíklegt, að hann liti á það sem yfirlysingu um, að á sama þætti standa, ef ekki kæmi margt á fimtudagskvöldið.

14. okt.

Helgi Pjeturss.

Október 16 1884